

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Skútustaðahreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (sorphreinsigjald og sorpeyðingargjald) sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Íbúðir		36.200 kr.
Fyrirtæki:	a)	36.200 kr.
	b)	99.600 kr.
	c)	181.600 kr.
	d)	333.200 kr.
	e)	650.000 kr.
	f)	985.700 kr.

Sveitarstjórn raðar fyrirtækjum í flokka eftir eðli og umfangi starfsemi þeirra. Gjaldið er innheimt með fasteignagjöldum.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 8. gr. samþykktar nr. 541/2000 um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra, og með vísan í 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Gjaldskráin er samin og samþykkt af sveitarstjórn Skútustaðahrepps og staðfest á fundum hennar 24. janúar og 21. febrúar 2013.

4. gr.

Gjaldskráin öðlast þegar gildi.

Gjaldskrá nr. 473/2012 fyrir sorphirðu í Skútustaðahreppi fellur úr gildi frá sama tíma.

Skútustaðahreppi, 5. mars 2013.

Guðrún M. Valgeirsdóttir sveitarstjóri.